

Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, á viðburðinum „Menntun í ferðatösku. Hvernig hefur íslenskt kennslukerfi bætt lífskjör nemenda í Kenía?“. Haldið í Hátíðasal 4. janúar 2024 kl. 15.30

Góðan dag, góðir gestir, og gleðilegt nýtt ár!

Það er mér ánægja að segja fáein orð í upphafi þessa viðburðar sem haldinn er hér í Hátíðasal í byrjun nýs árs og ber yfirskriftina „Menntun í ferðatösku – hvernig hefur íslenskt kennslukerfi bætt lífskjör nemenda í Kenía?“

Í fæstum orðum sagt felst verkefnið sem um ræðir í því að fræðafólk Háskóla Íslands hefur undanfarinn aldarfjóðrung eða svo leitt þróun á kennslukerfi í stærðfræði til að styðja nemendur í Afríku sem hafa takmarkaðan aðgang að menntun. Óhætt er að segja að þetta verkefni hafi borið ríkulegan ávöxt og hafa til þessa um 4.000 nemendur í fátækrahverfum og flóttamannabúðum í Kenía nýtt sér kerfið til að mennta sig og undirbúa fyrir háskólanám, um leið og kerfið gefur þeim tækifæri til að vinna sér inn punkta, svonefnda broskalla, sem þau geta notað til kaupa á námsgögnum og ýmsum nauðsynjavörum fyrir sig og fjölskyldur sínar. Samtals hefur á umliðnum árum tekist að fjármagna kaup á um 2.000 spjaldtölvum fyrir bókasöfn og skóla og um 1.000 nemendur hafa lært til stúdentsprófs í stærðfræði með því að nýta sér kerfið. Hér er því á ferð í senn áhugavert og skilvirkt menntatæki og um leið nýstárlegt framlag til þróunarhjálp.

Það er ljóst að slíkur árangur kemur hvorki af sjálfum sér né verður hann til á einum degi. Að öðrum ólöstuðum er óhætt að segja að Gunnar Stefánsson, prófessor í tölfræði við Háskóla Íslands, eigi heiðurinn af því að því að hafa komið verkefninu „Menntun í ferðatösku“ á koppinn, en hann hefur unnið

ötullega að því að þróa kennslukerfi í stærðfræði á netinu allt frá því á níunda áratug síðustu aldar. Auk þess að nota kerfið hér á landi við Háskóla Íslands leitaði Gunnar snemma út fyrir landsteina og hafði m.a. samband við starfsfólk háskóla í velflestum enskumælandi löndum heims í leit að samstarfsaðilum um þróun kennsluefnis í stærðfræði sem yrði í opnum aðgangi á netinu. Skemmst er frá því að segja að helstu viðbrögðin komu frá á þróunarríkjum, enda er þörfin þar mest og aðgangur að bókum og öðru kennsluefni iðulega takmarkaður.

Árið 2010 barst Gunnari öflugur liðsauki þegar Anna Helga Jónsdóttir, sem nú er dósent í tölfræði og sérfræðingur í kennslufræði stærðfræði við Raunvísindadeild við Háskóla Íslands, hóf að vinna að þróun og prófun á kerfinu með Gunnari sem hluta af doktorsnámi hennar. Skipulagði hún m.a. tilraun þar sem borin var saman þekking nemenda eftir að hafa unnið í kennslukerfinu við þekkingu nemenda að lokinni hefðbundinni heimavinnu og endurgjöf kennara. Leiddi rannsóknin í ljós kom að nemendur stóðu sig betur á prófum eftir að hafa unnið í kennslukerfinu en með hefðbundinni heimavinnu.

Eins og áður sagði hefur kennslukerfið verið í notkun um árabil með góðum árangri við Háskóla Íslands, en eftir nokkra leit að svæðum þar sem aðgengi að menntun er takmarkað og kerfið gæti komið að gagni ákváðu Gunnar og Anna Helga að hefja skipulegt samstarf við skóla í Kenía í austur Afríku. Hafa þau farið í allnokkrar ferðir þangað síðan, oftast en ekki með ferðatöskur fullar af spjaldtölvum og öðrum námsgögnum og er það innblásturinn að heiti verkefnisins.

Ýmsir bakhjarlar hafa stutt við verkefnið og hefur Háskóli Íslands verið mikilvægur stuðningsaðili með styrkjum úr Kennslumálasjóði sem þau Gunnar og Anna Helga hafa m.a. nýtt til að ráða nemendur í vinnu á sumrin við ýmiss

konar þróunarvinnu og gerð kennsluefnis. Við erum stolt af því að hafa stutt við þessa frábæru vinnu.

Verkefnið „Menntun í ferðatösku“ hefur ekki aðeins sannað hagnýtt gildi sitt heldur hefur það einnig getið af sér nýja þekkingu og hafa þau Gunnar og Anna Helga birt um 20 ráðstefnu- og tímaritsgreinar um þróun á kerfinu og notkun þess. Þá hlutu þau viðurkenningu Vísinda- og nýsköpunarverðlauna Háskóla Íslands í flokknum „Samfélag“ árið 2022.

Góðir gestir, við munum hér á eftir fá að kynnst betur í máli og myndum árangri og framtíðaráformum verkefnisins „Menntun í ferðatösku“ og ætla ég því ekki að lengja mál mitt frekar.

Ég vil að lokum þakka þeim Gunnari og Önnu Helgu og samstarfsfólki þeirra fyrir þeirra frábæra framtak og óska þeim alls hins besta við frekari landvinninga með menntun í ferðatösku í farteskinu. Framtíðin er björt.